

**22**  
15. apríl

## REGLUGERÐ

til

til bráðabirgða fyrir lögreglustjórn á Akranesi.

### 1. gr.

Lögreglustjórinn á Akranesi hefir á hendi hreppsstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til rikissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum.

### 2. gr.

Lögreglustjórinn gegnir og, samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar, störfum hreppsnefndaroddvita, enda er hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll nefndarmál.

### 3. gr.

Tolla og gjöld til rikissjóðs innheimtir hann samkvæmt greinargerð sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og gerir honum skil fyrir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 frá 1929.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15 .apríl 1932.*

**Jónas Jónsson.**

---

*G. Sveinbjörnsson.*